

STJÓRNARTÍÐINDI B 20 – 1999

5. mars 1999

457

Nr. 155

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðarbæjar 1995-2015, Ásar norðan Ástjarnar.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 5. mars 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðarbæjar 1995-2015, frá 23. desember 1997.

Aðalskipulagsbreytingin varðar grænt svæði milli friðlands og íbúðarsvæðis, sem breytist í íbúðarsvæði og að íbúðarsvæði breytist og bæst hefur við stofnanasvæði og stofnanasvæði/opið svæði til sérstakra nota.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisstofnun, 5. mars 1999.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

18. febrúar 1999

Nr. 156

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag 1. áfanga í Ásum, Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 26. janúar 1999, nýtt deiliskipulag 1. áfanga í Ásum.

Á svæðinu er gert ráð fyrir 1. áfanga íbúðarbyggðar, 148 íbúðum í blandaðri byggð, sambýli fatlaðra, leikskóla og náttúrustofu/fólkvangsmiðstöð.

Greinargerðin og uppdrátturinn hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 18. febrúar 1999.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,

Magnús Gunnarsson.